

Áttu einingar

en ert ekki búin(n) að ljúka stúdentsprófi? - Raunfærnimat á móti Háskólabróú Keilis

Haustið 2018 munu Fræðslusetrið Starfsmennt og Keilir bjóða raunfærnimat í nokkrum greinum Háskólabróúar. Þau sem standast raunfærnimatið geta stytt leiðina til lokaprófs af Háskólabróú Keilis.

Ef þú ert 23 ára eða eldri, með samtals þriggja ára almenna starfsreynslu og hefur lokið að lágmarki 70 einingum úr framhaldsskóla gætirðu átt erindi í raunfærnimat. Komdu og kynntu þér málið! Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 11. október kl. 17:00 hjá Starfsmennt í Skipholti 50b, Reykjavík.

Aðgangur er öllum opinn en vinsamlegast skráið þátttöku á kynningarfundinn. Skráning fer fram á vef Starfsmenntar www.smennt.is.

Hvað er Háskólabróú Keilis?

Háskólabróú Keilis býður upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi og uppfylla nemendur að loknu náminu inntökuskilyrði í allar deildir Háskóla Íslands. Auk þess hafa útskrifaðir nemendur fengið inngöngu í nám í öðrum háskólum bæði hérlendis og erlendis. Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net.

Hvaða einingum er mikilvægast að hafa lokið?

Mikilvægast er að hafa lokið 6 einingum í stærðfræði, 6 einingum í íslensku og 6 einingum í ensku.

Hvað er raunfærnimat?

Nám fer ekki eingöngu fram innan veggja skólans heldur við alls konar aðstæður í lífinu. Markmiðið með raunfærnimati er að einstaklingur fái viðurkennda þá færni sem hann býr yfir þannig að hann þurfi ekki að sækja formlegt nám í því sem hann kann. Nánari upplýsingar er að finna á www.frae.is og www.naestaskref.is.

Hvar fæ ég meiri upplýsingar?

Upplýsingar um raunfærnimatið og tilhögun þess veitir Sólborg Alda Pétursdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Starfsmennt í síma 550 0060, solborg@smennt.is.

Upplýsingar um nám og inntökuskilyrði Háskólabróúar Keilis veitir Skúli Freyr Brynjólfsson náms- og starfsráðgjafi hjá Keili í síma 578 4000, skuli.b@keilir.is.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með styrk úr Fræðslusjóði og er því raunfærnimatið þátttakendum að kostnaðarlausu.

Greiddur er ferðastyrkur til aðildarféлага Starfsmenntar samkvæmt reglum þar að lútandi.

símenntun ... á þínu færi

